

Þriðjudaginn 12. maí 1970.

Nr. 203/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Magnúsi Móberg Hanssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Nytjastuldur. Dráttarvél. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu og nokkur ný gögn verið lögð fyrir Hæstarétt. Lögreglumenn þeir, er að handtöku ákærða stóðu, sáu hann ekki aka dráttarvélinni, og á handtökuvettvangi viðurkenndi hann eigi fyrir þeim að hafa ekið henni, en lögreglu maður sá, er ritaði frumskýrslu í máli þessu, gat þess þar, að ákærði hefði viðurkennt aksturinn. Hafði hann þetta eftir lögregluvarðstjóra þeim, er yfirheyrði ákærða nokkru eftir handtöku.

Við framhaldspróf í málinu kvaðst ákærði hvorki kunna að gangsetja dráttarvél né aka slíku tæki, enda hafi kunningi hans, Jón Jónsson, ekið dráttarvél þeirri, sem um ræðir í máli þessu, nema hvað hann hafi sjálfur aðeins gripið annarri hendi í stýri hennar, er hann óttaðist, að hún mundi rekast á grindverk. Er þeir ákærði og Jón Jónsson voru samprófaðir í framhaldsrannsókn málsins, kvaðst Jón Jónsson hafa verið ölvaður, er þeir félagar tóku dráttarvélina, og ekki geta staðhæft, að framburður ákærða um akstur hennar sé rangur, en samkvæmt varðstjóraskýrslu bar nefndur Jón skömmu eftir handtöku þeirra félaga, að ákærði hefði ekið dráttarvélinni.

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að rétt þykir að

ákveða, að fullnustu refsingar ákærða skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að fullnustu refsingar ákærða skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði, Magnús Móberg Hansson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. ágúst 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 28. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 333/1969: Ákærvaldið gegn Magnúsi Móberg Hanssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 27. febrúar 1969, höfðað á hendur Magnúsi Móberg Hanssyni verkamanni, Hátúni 1, Reykjavík, fæddum þar í borg hinn 21. desember 1949, fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 7. nóvember 1968 tekið í heimildarleysi í félagi við piltinn J. J. dráttarvélina Rd 226, þar sem hún stóð á bifreiðastæði Mjólkurstöðvarinnar við Brautarholt í Reykjavík, og ekið henni undir áhrifum áfengis vestur Brautarholt að Rauðarárstíg, þar sem þeir skildu við hana gegnt húsi Egils Vilhjálmssonar h/f.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og 2. mgr., sbr. 3. mgr.

25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1968, kl. 0135, var lögreglunni hér í borg tilkynnt um það, að tveir menn hefðu þá nýverið sézt aka dráttarvél vestur Brautarholt hér í borg. Lögreglumenn fóru að sinna tilkynningu þessari. Skömmu síðar fundu lögreglumenn dráttarvél gegnt húsi Egils Vilhjálmssonar á Rauðarárstíg. Í nágrenninu handtóku lögreglumenn í framhaldi af þessu ákærða í máli þessu, Magnús Móberg Hansson, ásamt Jóni Jónssyni, Skúlagötu 78 hér í borg. Á vettvangi fyrir lögreglu viðurkenndi ákærði að hafa ekið greindri dráttarvél ásamt félagi sínum Jóni frá stæði Mjólkurstöðvarinnar í Brautarholti og þangað, sem lögreglan kom að dráttarvélinni. Úr varð, að ákærði var færður til frekari rannsóknar. Fyrir lögregluvarðstjóra sama dag greindi ákærði m. a. svo frá, að hann hefði verið að aka dráttarvélinni, en tekið hana, þar sem hún var á stæði við Mjólkurstöðina við Brautarholt. Fyrir lögregluvarðstjóra viðurkenndi ákærði að hafa neytt áfengis skömmu fyrir akstur og að hafa fundið til áhrifa þess, er aksturinn fór fram. Kl. 0350 var ákærða tekið blóð til alkóhólákvörðunar, og fundust í blóði hans reducerandi efni, er samsvara 0.94% af alkóhóli.

Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa í félagi við Jón Jónsson, Skúlagötu 78 hér í borg, tekið í heimildarleysi dráttarvélina Rd 226 greint sinn. Úr hafi orðið, að nefndur Jón hafi ekið dráttarvélinni mestan hluta leiðarinnar niður á Rauðarárstíg, þar sem lögreglumenn komu að dráttarvélinni skömmu síðar, en ákærði hefur þó viðurkennt að hafa stjórnað dráttarvélinni lítinn hluta umræddrar leiðar með því að stýra dráttarvélinni þá. Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis, er framangreindir atburðir urðu.

Samkvæmt játningu ákærða sjálfs fyrir dómi, niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og með vísan til annarra gagna málsins, telst sannað, að ákærði hafi aðfaranótt fimmtudagsins 7. nóvember 1968 tekið í heimildarleysi í félagi við Jón Jónsson, Skúlagötu 78 hér í borg, dráttarvélina Rd 226, þar sem hún stóð við hús Mjólkurstöðvarinnar við Brautarholt hér í borg, og ekið henni undir áhrifum áfengis hluta leiðarinnar frá Brautarholti að

Rauðarárstíg. Með því framferði, sem nú hefur verið rakið, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. nú lög nr. 82/1969.

Ákærði hefur hlotið refsingar sem hér segir:

1968 22/1 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 26. og 49. gr. umferðarlaga.

1968 18/4 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 16. marz 1968.

Dómssátt, er ákærði undirgekkst 18. apríl 1968, hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga ítrekunarverkanir á brot ákærða, er hér er um fjallað, og verða honum í samræmi við það ákvörðuð viðurlög.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 45 dagar.

Svo sem krafzt er í ákærkjali og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, ber að svipta ákærða ökuréttindum æfilangt, og miðast sviptingartíminn við 19. nóvember 1968, en þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Móberg Hansson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi æfilangt frá 19. nóvember 1968 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.